

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 32/2013

2013/EES/49/03

frá 15. mars 2013

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 840/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fôðuraukefni fyrir allar fuglategundir til eldis, aðrar en eldiskjúklinga, eldiskalkúna og aliendur, og allar fuglategundir til varps, aðrar en varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 841/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir efnablöndunni lantankarbónatoktahýdrati sem fôðuraukefni fyrir hunda (leyfishafi er Bayer Animal Health GmbH) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 849/2012 frá 19. september 2012 um leyfi fyrir blöndu úr sitrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, allar aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps og dýr af svinaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus* (leyfishafi er Vetagro SpA) <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 868/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir asórúbini sem fôðuraukefni fyrir ketti og hunda <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir támatíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(6)</sup>.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 8) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 61. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1065/2012) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„62. **32012 R 0840**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 840/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), sem fôðuraukefni fyrir allar fuglategundir til eldis, aðrar en eldiskjúklinga, eldiskalkúna og aliendur, og allar fuglategundir til varps, aðrar en varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 14).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 21.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 8.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 3.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 7.

63. **32012 R 0841:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 841/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 41028) og *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30148) sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 17).
64. **32012 R 0842:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir efnablöndunni lantankarbónatoktahýdrati sem fôðuraukefni fyrir hunda (leyfishafi er Bayer Animal Health GmbH) (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 21).
65. **32012 R 0849:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 849/2012 frá 19. september 2012 um leyfi fyrir blöndu úr sítrónusýru, sorbínsýru, þýmóli og vanillíni sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, allar aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps og dýr af svínaætt sem hafa verið vanin undan, þó ekki af tegundinni *Sus scrofa domesticus* (leyfishafi er Vetagro SpA) (Stjtið. ESB L 253, 20.9.2012, bls. 8).
66. **32012 R 0868:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 868/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir asórúbíni sem fôðuraukefni fyrir ketti og hunda (Stjtið. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 3).
67. **32012 R 0869:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir támatíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 840/2012, (ESB) nr. 841/2012, (ESB) nr. 842/2012, (ESB) nr. 849/2012, (ESB) nr. 868/2012 og (ESB) nr. 869/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.